

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Endurskoðendur Fjórðungssjúkrahússins skulu endurskoða reikninga sjóðsins.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í bönkum eða sparisjóðum, sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69 frá 1941.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að gleðja sjúklinga á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri með gjöfum á almælisdegi Kristjáns heitins Þorsteinssonar, þann 25. ágúst ár hvert, í fyrsta sinn árið 1964. Skulu þeir sjúklingar sitja fyrir gjöfum úr sjóðnum, sem talizt geta einstæðingar og dvalið hafa hálf t. ár eða lengur í sjúkrahúsinu. Í þessu skyni skal verja 90% — níutíu af hundraði — vaxtatekna sjóðsins ár hvert, en afgangurinn skal lagður við höfuðstólinn.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Yfirlæknir handlækningadeildar Fjórðungssjúkrahússins, sem er formaður sjóðstjórnar, yfirlæknir lyflækningadeildar og yfirhjúkrunarkona. Sjóðstjórnin skal bóka í sérstaka gerðabók allar ákvarðanir sínar um gjafir úr sjóðnum.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Akureyri, 10. marz 1963.

Þorsteinn Jónsson.

Guðrún Guðmundsdóttir.

S A M Þ Y K K T

um sveitarstjóra í Blönduóshreppi í Húnavatnssýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd kys sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar, og er kjörtímabil hans hið sama og kjörtímabil hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tilögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um að öll störf, sem nefndin á að annast séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans án sérstakrar þóknunar, annar en áhættuþóknunar, sem honum verði greidd eftir sömu reglum og innheimtumönnunum ríkisins. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðubréf hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að bera ábyrgð á.

Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Launakjör sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, sem um getur í 6. gr. og greiðast þau úr sveitarsjóði.

5. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það, sem nauðsynlegt er hverju sinni, og skal ráðningarsamningurinn samþykktur af hreppsnefnd.

Uppsagnarfrestur af hendi hvors aðila er 6 mánuðir.

6. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um stórfellda og ítrekaða vanrækslu og hirðuleysi í starfi og skeytir ekki áminningum hreppsnefndar, getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu svo fljótt sem við verður komið. Hreppsnefnd ákveður, hvort oddviti eða annar hreppsnefndarmaður taki við starfi sveitarstjóra og gegni því, unz sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Blönduóshrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 26. júní 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

1. júlí.

Nr. 110.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 202 19. nóvember 1959, um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík og ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

2. málsg. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Atvinnuleyfin skulu gefin út af þremur mönnum, sem hér eftir eru nefndir úthlutunarmenn í reglugerð þessari. Skal einn þeirra tilnefndur af Bifreiðastjórafélaginu Frami, einn af borgarstjóranum í Reykjavík, en formanninn skipar ráðherra án tilnefningar, og skulu atvinnuleyfi og tilkynningar um atvinnuleyfi undirrituð af honum og formanni Bifreiðastjórafélagsins Frami. Tilnefningin er til þriggja ára í senn.

2. gr.

C-liður 12. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ef leyfishafi deyr, getur stjórn Bifreiðastjórafélagsins Frami heimilað að ekkja hans haldi atvinnuleyfinu, að fengnum nauðsynlegum upplýsingum þar að lútandi að dómi stjórnarinnar, enda sé bifreiðarstjórinn meðlimur í Bifreiðastjórafélaginu Frami.